

# Tónlistarskólinn á Egilsstöðum

## Ráðstafanir vegna COVID-19

Uppfært 23.11.2020

Í samræmi við opinber tilmæli og til þess að leggja okkar að mörkum til þess að hefta útbreiðslu á COVID-19 mun Tónlistarskólinn á Egilsstöðum gera eftirfarandi ráðstafanir í kennslu á meðan samkomubann og breytt fyrirkomulag á skólահaldi er í gildi. Eftirfarandi ráðstafanir gilda frá 3. nóvember.

### Hreinlætis- og sóttvarnarráðstafanir

**Grímuskylda** er almenn hjá einstaklingum fæddum 2007 og fyrr í kennslu og í sameiginlegum rýmum nema tryggt sé að hægt sé að halda tveggja metra fjarlægð milli einstaklinga.

**Tveggja metra reglan** gildir á milli allra einstaklinga sem fæddir eru 2007 og fyrr.

Nemendur eiga að **þvo sér um hendur** fyrir og eftir hvern tónlistartíma. Spritt verður í öllum stofum til sótthreinsunar á höndum.

Nemendur eiga að nota sín eigin **hljóðfæri og útbúnað**, þar með talið gítara, sé þess nokkur kostur. Trommuleikarar koma með sína eigin kjuða. Nemendur koma með eigin skriffæri og námsgögn. Nemendur skulu ekki lána öðrum hljóðfæri sín. Ekki eru notaðir míkrofónar í söngkennslu. Kennarar sjá um að þrifa snertifleti, þar á meðal hljóðfæri og annan búnað sem nemendur nota. Snertifletir eru þrífir á milli ólíkra hópa sem fá kennslu í sama rými. Nemendum sem ekki hlýða fyrirmælum um að snerta ekki óviðkomandi útbúnað eða að halda fjarlægð frá öðrum er vísað úr tíma.

Nemendur Tónlistarskólans koma **inn um aðalinnangang** Egilsstaðaskóla utanfrá. Nemendur mega koma beint úr Egilsstaðaskóla.

**Starfsmönnum og nemendum sem eru veikir eða hafa fengið tilmæli um að fara í sóttkví er óheimilt að koma í skólann.**